

Eystrahorn

6. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 14. febrúar 2019

www.eystrahorn.is

Nýtt skipulag stjórnar knattspyrnudeildar Sindra

Stjórn knattspyrnudeildar Sindra og yngriflokkaráð knattspyrnudeildar hafa undanfarið unnið saman að nýju skipulagi á stjórnarhátum knattspyrnudeildar Sindra. Ákveðið hefur verið að skipta stjórn knattspyrnudeildar upp í þrjár rekstrareiningar frá og með næsta aðalfundi sem verður í byrjun mars; stjórn knattspyrnudeildar, meistaraflokksráð og yngriflokkaráð. Rekstur knattspyrnudeildar er umfangsmikill og því er það með hagsmuni deildarinnar að leiðarljósi sem ákveðið hefur verið að fara þessa leið en samfara þessum skipulagsbreytingum hafa verksvið stjórnarmanna verið skilgreind svo auðvelt sé að gera sér grein fyrir hvaða verkefni falla undir hverja stöðu í stjórn og ráðum deildarinnar. Nokkur skref hafa jafnframt verið tekin til að verkferlar og reglur varðveitist og ekki þurfi stöðugt að finna upp hjólið við hverja áskorun sem deildin stendur frammi fyrir. Stefna deildarinnar er langt komin í vinnslu en framundan er að sjálfsögðu ákveðin vinna við að setja upp verkferla varðandi ýmis verkefni, þótt ágætis mynd sé komin á mörg verkefni deildarinnar.

Nýtt skipulag felur í fyrsta lagi í sér að stjórn knattspyrnudeildar verður 5 manna stjórn sem er einskonar regnhlíf yfir allri starfsemi deildarinnar. Í stjórn knattspyrnudeildar sitja formaður, gjaldkeri, ritari og formenn meistaraflokksráðs og yngriflokksráðs. Ekki er gert ráð fyrir að formenn ráðanna hafa sérstök verkefni með höndum á vegum stjórnar knattspyrnudeildar enda ærin verkefni í ráðunum. Þau verkefni sem stjórnin hefur fyrst og fremst með höndum er öflun styrktarsamninga fyrir deildina og útdeiling fjárfana og fjármuna frá styrktarsamningum til ráðanna tveggja auk þess



sem stjórnin hefur yfirumsjón og eftirlit með málefnum knattspyrnudeildar. Í öðru lagi verður stofnað meistaraflokksráð sem hefur umsjón með daglegum rekstri meistaraflokksanna og 2. flokks þegar það á við. Í meistaraflokksráði er gert ráð fyrir að sitji formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur. Glöggir lesendur sem þekkja til starfa knattspyrnudeildarinnar sjá að þarna hefur verkefnum sem stjórn knattspyrnudeildar hefur haft með höndum verið skipt í tvær einingar með því að stofna sérstakt meistaraflokksráð. Í þriðja lagi mun yngriflokkaráð starfa með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin tvö ár og hafa yfirumsjón með starfsemi yngri flokkum deildarinnar. Í yngriflokksráði er gert ráð fyrir að sitji formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur. Samfara þessum breytingum er gert ráð fyrir að á vegum stjórnar knattspyrnudeildar verði starfsmaður í fullu starfi sem sinni starfi yfirþjálfara

auk ýmissa verkefna á vegum stjórnarinnar og ráðanna tveggja og þú ert að gera drög að starfslýsingu fyrir þetta starf. Það er von okkar að þessar breytingar verði til þess að bæta alla starfsemi knattspyrnudeildarinnar, dreifa verkefnum skipulega á stjórnarfólk, skýra skipurit og starfsemi deildarinnar og efla hana á öllum sviðum.

Til að manna allar stöður er nauðsynlegt að fá fleira fólk til liðs við okkur og auglýsum við hér með eftir einstaklingum sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi öflugrar og vel skipulagðrar deildar og vera þannig þátttakendur í uppbyggingu knattspyrnunnar á Hornafirði en framundan eru gríðarlega spennandi tímar með þeim frábæra efnivið sem við eigum í fótboltanum. Við leitum að fólki sem er tilbúið til að taka að sér setu í stjórn eða ráðum og öðrum þeim sem hafa áhuga á að aðstoða við einstök verkefni, fjárfanir, leiki, akstur

í útileiki og ýmislegt fleira. Áhugasamir einstaklingar geta sent tölvupóst á knattspyrna@umfsindri.is, sindri@umfsindri.is, yngriflokkar@umfsindri.is, eða haft samband við einhvern af stjórnarmönnum knattspyrnudeildar eða yngriflokksráðs.

Stjórn knattspyrnudeildar, eftir núverandi skipulagi skipa: Kristján Guðnason formaður, Jóna Benný Kristjánsdóttir gjaldkeri, Linda Hermannsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Arna Ósk Harðardóttir, Gunnar Ingi Valgeirsson og Kristinn Justiniano Snjólfsson. Yngriflokkaráð skipa: Sigurður Ægir Birgisson formaður, Trausti Magnússon og Eva Birgisdóttir gjaldkerar, Laufey Sveinsdóttir ritari og Guðrún Ása Jóhannsdóttir meðstjórnandi.

*Fh. knattspyrnudeildar Sindra
Jóna Benný*

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is

Aðalfundur

Aðalfundur Ungmennafélagsins Sindra verður haldinn miðvikudaginn 27. febrúar kl. 17.00 í nýju félagsheimili okkar að Hafnarbraut 15.



Dagskrá fundarins:

Hefðbundin aðalfundarstörf og ársfundir deilda.

Við vonumst til að flestir sjái sér fært að mæta og taka þátt í umræðum um málefni félagsins.

Stjórn Ungmennafélagsins Sindra

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga Stafafell – Hvannagil í Lóni



Er ekki um að gera að rífa af sér slenið, skella sér í góða göngu og njóta íslenskrar náttúru í hornfirskum vetrarskrúða.

Sunnudaginn 17. febrúar er ferðafélagið með göngu frá Stafafelli og inn að Hvannagili.

Fararstjóri er Jóhannes Danner.

Hugsanlega verður broddafæri og á ferðafélagið einhver þör sem hægt er að leigja 1000kr. pr. mann og hægt að panta hjá fararstjóra.

Lengd göngu 3,5 til 4 tímar hækkun 200 metrar.

Klæðnaður eftir veðri og munið nesti.

Séu hundar hafðir með skal ól vera meðferðis.

Lagt af stað frá Tjaldstæði kl. 10:00 og um að gera að sameinast í bíla.

Þátttökugjald 1000 kr. pr fullorðinn, 1500kr. pr. fjölskyldu.

Skráning í ferðina hjá Jóhannes Danner 896-2081

Arnar Hauksson dr.med
kvensjúkdómalæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni

22. febrúar næstkomandi

Tímamantanir í síma 470-8600

virka daga.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

SAMVERUSTUND föstudaginn 15. febrúar kl. 17:00.

Katrín Birna Þráinsdóttir tónlistarkennari kemur í heimsókn, sýnir myndir og segir frá ævintýraferð sinni á framandi slóðir. Ekki missa af þessari stund.

FÉLAGSVISTIN heldur áfram í kvöld fimmtudagskvöld 14. febrúar kl. 20:00. Síðasta kvöldið verður 21. febrúar.

Fiskbúð Gunnhildar

Nóg til af fiski og fiskréttum !

Verið velkomin

Opið frá kl 14:00 til 18:00, mánudag til fimmtudags.

S: 865-3302 og 478-1169

A.t.h. Fiskbúð Gunnhildar verður lokuð frá 25. febrúar til 18. mars næstkomandi.



Aðalfundur

Aðalfundur Rauðakrossdeildar Hornafjarðar verður haldinn 27. febrúar 2019 í húsi AFLS kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri

Suðurlands verður með erindi. Hvetjum alla félaga til að mæta á fundinn.

Stjórnin.



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

18., 19. og 20. febrúar.

Tímamantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. febrúar.

Næsta skoðun 8., 9. og 10. apríl.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

REKO Austurland afhendir í fyrsta skipti

Hvað er REKO? Hugmyndafræðin er finnsk og gengur út á að nýta rafræna tækni, Facebook-hópa, til að tengja saman framleiðendur og kaupendur. Markmiðið er að vekja athygli á staðbundinni matvælaframleiðslu og tryggja bændum og framleiðendum meiri arð af framleiðslu sinni með að sleppa milliliðum. Matvælaframleiðendur á tilteknu svæði ákveða með sér afhendingarstað og stund og stofna um það "viðburð" þar sem þeir gefa upp hvaða vörur verða til sölu og á hvað verði. Neytendur panta svo frá hverjum og einum það sem þeim list á og greiða vörurnar fyrirfram. Síðan sækja þeir vörurnar sínar á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Þetta er opið öllum sem hafa áhuga á að kaupa eða selja vörur beint frá bónda eða frá fystu hendi. Fyrir framleiðendur og neytendur er þetta mjög gott fyrirkomulag þar sem framleiðendur taka eingöngu til og flytja það sem býið er að selja, sem tryggir gæði vörunna og neytandur nálgast vörur allra framleiðenda á einum stað.

REKO Austurland er hópur framleiðenda frá Hornafirði til Vopnafjarðar og verða afhendingar til skiptis víða á svæðinu. Fyrsta afhending REKO Austurland var laugardaginn 2. febrúar sl. á Egilsstöðum. Þangað mættum 3 af 4 hornfirskum framleiðendum sem tóku þátt. Alls voru afhentar yfir 150 pantanir frá 9 framleiðendum. Allir voru sammála um að vel hafi tekist til. Það var mjög skemmtileg stemning í þennan stutta tíma. Fólk hittist ekki bara til að sækja og afhenda heldur líka til að spjalla og kynna sér þetta nýja fyrirkomulag. Næsta afhending REKO Austurland verður laugardaginn 23. febrúar hér á Hornafirði. Við hverjum alla að fylgjast með á facebook og nýta sér þetta tækifæri til að versla við marga mismunandi framleiðendur.

Anna Sævarsdóttir, Birta Gunnarsdóttir og Lovísa Bjarnadóttir.



Huldumeyjar og ítalskar prímadonnur

TÓNLEIKAR Í HAFNARKIRKJU

SUNNUDAGINN 17. FEBRÚAR KL. 17:00

BERGLIND EINARSDÓTTIR SÓPRAN OG GUÐLAUG HESTNES PÍANÓLEIKARI FLYTJA FJÖLBREYTTA SÖNGDAGSKRÁ.

ÞJÓÐLÖG, ÞEKKTAR ÍSLENSKAR SÖNGPERLUR, SÖNGLEIKJALÖG OG ARÍUR ERU MEÐAL ÞESS SEM BOÐIÐ VERÐUR UPP Á.

GESTASÖNGVARAR: STAKIR JAKIR

AÐGANGSEYRIR KR. 1.500- (enginn posi)



Viðskiptavinir athugið

Rakarastofan verður lokuð föstudaginn 22. febrúar til mánudagsins 4. mars.



Kveðja Baldvin



NORÐURLJÓSABLÚS 2019

**7. - 9. MARS
Á PAKKHÚSINU
OG HAFINU**

TODMOBILE

**BLÚSMENN
ANDREU**




**TAKIÐ HELGINA FRÁ!
NÁNARI DAGSKRÁ
AUGLÝST SÍÐAR**








Mannauður Vatnajökulshjóðgarðs



Vatnajökulshjóðgarður er mikilvægur starfsvettvangur í Hornafirði. Með auknum fjölda þeirra sem sækja náttúruperlur hjóðgarðsins heim er aukin þörf á að efla þá starfsemi sem er á svæðinu. Undanfarnin ár hefur verið þungur róður í fjármögnun og stjórnun hjóðgarðsins, en í rekstraráætlun ársins 2019 er vísis að úrbótum. Frá og með 1. febrúar síðastliðnum var fullmannað í þær fimm sérfræðistöður sem fyrir voru á svæðinu þegar ráðið var í stöðu sérfræðings með starfsstöð á Höfn. Eins var gerð sú skipulagsbreyting að bæta við annari stöðu aðstoðarmanns hjóðgarðsvarðar, með starfsstöð á Höfn. Undirrituð mun sinna starfi hjóðgarðsvarðar frá Skaftafelli frá og með komandi sumri. Í Skaftafelli verða þá í stjórnunarstöðum, auk hjóðgarðsvarðar, aðstoðarmaður hjóðgarðsvarðar, rekstarstjóri minjagripaverslunar og yfirlandvörður. Í fyrsta sinn í rekstri á suðursvæðinu er verið að bæta við heilsársstörfum í stöðu yfirlandvarða í Skaftafelli sem og á Breiðamerkursandi. Eins verður möguleiki á heilsársstörfum í störf landvarða, þjónustufulltrúa og verkamanna. Gera má ráð fyrir um 20 heilsársstörfum á suðursvæði á árinu 2019 og rúmlega 20 sumarstörfum til viðbótar. Á sama tíma er verið að styrkja miðlæga starfsemi hjóðgarðsins með tilkomu stöðu fræðslufulltrúa og mannaðsstjóra. Það er mér afar ánægjulegt að fá að starfa með því öflugra fólki sem nú þegar vinnur ötullega að því að efla starfsemi hjóðgarðsins, hvort sem er sem vinnustaðar, samstarfsaðila eða náttúruverndarsvæðis. Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við starfsmenn, íbúa og gesti þessa magnaða umhverfis sem við fáum að njóta og vernda. Að lokum vil ég benda á að umsóknarfrestur um sumarstörf rennur úr 18. febrúar. Umsóknarform um sumarstörf og önnur störf sem í auglýsingu eru má nálgast á síðunni www.starfatorg.is

Helga Árnadóttir, hjóðgarðsvörður á suðursvæði Vatnajökulshjóðgarðs



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið auglýsir eftir flokksstjórum í Vinnuskólann fyrir sumarið 2019.

Auglýst er eftir bæði körlum og konum, 20 ára eða eldri.

Leitað er eftir einstaklingum sem eiga gott með að vinna með öðrum, hafa frumkvæði, eru góðar fyrirmyndir, stundvísir, metnaðarfullir og samvirkusamir.

Starfið felst í að vinna með unglingum, aðallega í umhirðu grænna svæða sveitarfélagsins og ýmsu öðru skemmtilegu.

Ráðnir verða þrír einstaklingar, launakjör samkv. kjarasamningum AFL stéttarfélags og launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 24. mars n.k.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Herðisar I Waage tómsundafulltrúa í netfangið: herdisiw@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8000.

Kæra frændfólk og aðrir Hafnarbúar

Ekki vill svo vel til að einhver ykkar eigi íbúð eða hús á Höfn sem að þið væruð til í að leigja okkur næsta sumar eða frá 1. júní til 30. september. Þetta er fyrir starfsmenn sem koma til með að vinna hjá mér á Hótel Eddu Höfn.

Ef svo er þætti mér vænt um að heyra frá ykkur í síma 896-0989 eða signy@icehotels.is.

*Bestu kveðjur
Signý Rafnsdóttir
Hótelstjóri
Hótel Eddu Höfn*



GÓUHÓF 2019

2. MARS | HOFGARÐI KL. 19:00

MIÐAVERÐ: 8.000 KR.

Takmarkað framboð miða. Miðapantanir hjá Reginu í síma 8951917 eða Klaus í síma 8248903 eftir kl. 18:00.

ÓLI SMÍÐUR
STYRIR PARTYINU

BENNI KOKKUR
ELDAR OFAN Í MANNSKAPINUM

MEGINSTREYMI
LEIKUR FYRIR DANSI KL. 00:30

miðaverð bara á ball: 2.000 kr.

**VERÐI YKKUR AÐ
GÓUHÓFINU!**